

Jens Arnljótsson véltæknifræðingur lauk BSc Mech.Eng. prófi í véltæknifræði, með orkufræði sem sérsvið, frá Ingeniørhøjskolen Helsingør Teknikum árið 1986. Að loknu námi starfaði hann á Verkfræðistofu Stefáns Arnar Stefánssonar við hönnun vélbúnaðar, lagna og rennslikerfa. Hann vann einkum við verkefni tengd sjávarútvegi og þá sérstaklega varmagreiningu og varmaendurvinnslu á orku frá útblæstri fiskimjölsmiðja víðs vegar um landið. Þá starfaði hann hjá Stálvík hf. og Skipahönnun ehf. við hönnun, breytingar og fyrirkomulag vélbúnaðar í fiskiskipum.

Jens hóf störf sem stundakennari við rekstrardeild Tækniskóla Íslands 1991 og var fastráðinn lektor árið 1995. Hann átti ríkan þátt í að byggja upp námsbraut í iðnaðartæknifræði og varð deildarstjóri þegar námsbrautin var gerð að sjálfstæðri deild innan skólans. Hann gegndi starfi deildarstjóra Iðnaðar- og véladeildar Tækniskóla Íslands frá 1999 til 2002.

Jens hefur starfað sem lektor við Tækniháskóla Íslands og við Háskólann í Reykjavík eftir sameiningu skólanna árið 2005. Hann kennir einkum vél- og orkutæknifræðinimum. Aðalkennslugreinar hans eru á sviði varmafræði, varmaflutnings, rennslis- og straumfræði. Hann tengir kennsluna við hagnýt hönnunarverkefni og verklegar æfingar á sviði varma- og straumfræði þar sem reynsla hans úr atvinnulífinu nýtist vel. Jens er einnig námsbrautarstjóri iðnfræðinámsins.

Jens hefur getið sér gott orð fyrir vandaða starfshætti og fagleg vinnubrögð. Hann hefur notið álits nemenda og sinnt störfum sínum af kunnáttu og vandvirkni.

Jens var í stjórn Tæknifræðingafélags Íslands á árunum 2014 – 2016 og í Menntunarnefnd TFÍ um árabíl. Hann situr nú í Menntamálanefnd Verkfræðingafélags Íslands.

Jens hefur tekið virkan þátt í skipulagningu bæði tæknifræðináms og iðnfræðináms í hartnær þrjú áratugi og hefur með því starfi verið í fararbroddi við að byggja upp framhaldsnám fyrir iðnaðarmenn á Íslandi.